

# Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

## 12. stjórnarfundur - haldinn 10. febrúar á skrifstofu GLÍ kl. 13:00

Mættir; Rögnvaldur, Kjartan, Sigmundur, Lambi og Sigurjón.

Fyrirliggjandi dagskrá:

1. Fundargerð 11da fundar lögð fram til samþykktar
2. Fjármál
  - a. Kostnaður af ferðum erlendis árið 2025
  - b. Bókhaldsleg meðferð erlends kostnaðar í ársreikningum 2025
3. Kynningar sem búið er að biðja um
4. Keltneska fangbragðasambandið
5. Mót sem ferðasjóður styrkir
6. Staða mála vegna fyrrverandi framkvæmdastjóra
7. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir

Engar athugasemdir og fundargerð samþykkt.

### 2. Fjármál

Í nýlegum tölvupósti frá fyrrverandi formanni, kemur fram að enginn kostnaður hafi verið af utanlandsferðum á tíma bráðabirgðastjórnar.

Gjaldkeri ætlar að leita skýringa hjá fyrrverandi gjaldkera á 2 færslum sem gengið var frá 2 dögum fyrir Glímuping í september og skráð er undir liðnum Gouren Federation.

Í fundargerð bráðabirgðastjórnar með ÍSÍ þann 18.júní 2025, bendir ÍSÍ á að 2 aðilar sem stjórn ákveður, eigi að hafa prókúru á hverjum tíma. Núna er aðeins einn með prókúru.

Samþykkt er að Kjartan Lárusson fái líka prókúru.

Í ársreikningi fyrir 2025 verður gerður skýr greinarmunur á útbreiðslustarfi innanlands og sýninga- og keppnisferðum til útlanda.

### 3. Beiðnir um kynningar

Lindaskóli í Kópavogi hefur óskað eftir glímukynningu. Útbreiðslu- og fræðslunefnd hefur samband við skólann og skipuleggur kynningu.

Verslunarskólinn hefur óskað eftir kynningu á glímu í maí, fyrir nemendur frá Grænlandi, Danmörku og Færeyjum. Skólinn mun greiða fyrir kynninguna. Útbreiðslu- og fræðslunefnd mun skipuleggja og sjá um kynninguna. Best er að kynning fari fram á dönsku.

### 4. Keltneska fangbragðasambandið

Aðalfundur sambandsins verður haldið í fjarfundi, föstudaginn 20. febrúar. Samþykkt er tillaga formanns um að Atli Már Sigmarsson, varamaður í stjórn, verði fulltrúi GLÍ á fundinum. Ekki er komin dagskrá fundarins. Nýjustu lög Keltneska sambandsins þarf að þýða á íslensku. Sigmundur mun hafa milligöngu um að fá þau þýdd.

Taka þarf upp á Glímupingi umræðu um áframhald á þátttöku Glímusambandsins í samtökunum í ljósi þess að megin markmiðið með því að ganga í samtökin var að koma Glímunnni að erlendis. Keppni í Glímu átti að vera jafnfætis öðrum fangbrögðum innan sambandsins en það markmið hefur ekki náðst.

GLÍ er líka aðili að UWW, United World Wrestling, sem er aðili að Alþjóða

# Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

Ólympíusambandinu. Samskipti við þau samtök hafa verið lítil sem engin síðustu áratugina og spurning hvort einhver tilgangur er með að vera þarna inni.

## 5. Ferðastyrkir á glímumót

Skv. reglum um ferðasjóð er hægt að fá styrki á Íslandsglímu, Bikarglímu, Meistaramót og Sveitaglímu en ekki Grunnskólamót. Samþykkt er að halda Sveitaglímu í þeim flokkum sem skráð verður þátttaka í, eftir Grunnskólamótið. Hægt verður að sækja um styrk í ferðasjóð fyrir þátttöku í Sveitaglímu. Grunnskólamótið er ekki styrk hæft en Sveitaglíma er það.

Samkvæmt reglugerð um Grunnskólamót, á að veita stigahæsta skólanum, verðlaun og skal veita farandbikar sem vinnst til eignar eftir ákveðnum reglum. Þessi verðlaun hafa ekki verið veitt undanfarin ár. Stefnt er að því að gera það núna.

## 6. Önnur mál

- a. Bikarglíma Íslands fór fram laugardaginn 31. Janúar á Reyðarfirði. Keppt var í barna- og fullorðinsflokkum og fór mótið mjög vel fram. Margir áhorfendur voru mættir til að styðja við hina fjölmörgu keppendur. Sumir voru þar að stíga sin fyrstu skref á landsmótum og sáust glæsileg tilþrif hjá þeim. Eftir mót voru þeim Matthíasi Erni Kristinssyni og Maju Petu veittar viðurkenningar sem efnilegasta glímufólkið árið 2025. Þau eru bæði frá Reyðarfirði. Einnig var veitt viðurkenning fyrir Eldhuga ársins 2025, en hana hlaut Atli Már Sigmarsson, formaður Glímudómarafélags Íslands. Eldhuginn 2024, Kjartan Lárusson, afhenti Atla Má bikar í tilefni af þessu.
- b. Búið er að breyta skráningu hjá ÍSÍ varðandi iðkendafjölda þannig að í stað Glímu mun nú standa Íslensk Glíma. Iðkendatölur frá félögum sem stunda önnur fangbrögð, verða því ekki með í þessum tölum lengur.
- c. Sigurjón, ritari stjórnar GLÍ, verður ekki viðlátinn næstu 2 mánuði. Atli Már mun sitja stjórnarfundi þar til Sigurjón kemur aftur, eða ný stjórn tekur við. Atli Már mun rita fundargerðir stjórnar og hann er kominn með aðgang að tölvupósti GLÍ, Facebook síðu þess og heimasíðu GLÍ.

## 7. Glímukynning var haldin í Bláskógaskóla á Laugarvatni í gær mánudag. Kjartan Lárusson sá um kynninguna, en hana sóttu um 50 krakkar.

Fundi slitið kl. 14:45. Næsti fundur verður boðaður af formanni.